

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	ÍSLE2MB05 - Textar, málnotkun og ritun
Kennari:	Piðrik Örn Viðarsson
Önn:	Haustönn 2025
Áætlun unnin:	Ágúst 2025

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mismunandi tegundum texta og helstu hugtökum sem nýtast við bókmenntaumfjöllun
- fjölbreyttum orðaforða
- ritunarhugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að lesa bókmenntatexta og aðra texta og geta fjallað um inntak þeirra
- að vinna úr heimildum á réttan hátt
- að flytja af öryggi ræður og kynningar
- að beita gagnrýninni hugsun við ritun rökfærsluritgerða og annarra texta
- að nota hjálpargögn við frágang ritsmíða

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka ólíka texta
- nota handbækur til styrktar eigin málfærni
- taka þátt í málefnalegum umræðum og komast að rökstuddri niðurstöðu
- beita tilbrigðum í ræðu og riti
- vinna að skapandi verkefnum tengdum námsefninu

sem metið er með:

Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem nemandinn fær endurgjöf á það sem vel er gert ásamt ábendingum um það sem betur má fara.

Athugið: Ekki er víst að öll verkefni gildi til einkunnar.

Ætlast er til að nemendur fái leiðsagnarmat kennara í kennslustund áður en verkefnum er skilað.

Leitast er við að hafa námsmat sem fjölbreyttast til þess að fram komi rétt mynd af þekkingu, leikni og hæfni nemenda.

Námsefni:

Vetrarfrí. Hildur Knútsdóttir. 2015. JPV, Reykjavík.

Kröfur FSN til verkefna- og ritgerðavinnu:

<https://moodle.fsn.is/course/view.php?id=76>

Annað efni í samráði við kennara.

Námsmat:

	Munnleg og skrifleg verkefni	50%
	Kjörbókarverkefni og könnun	25%
	Heimildaverkefni	10%
	Könnun úr bókmenntahugtökum	8%
	Lokaverkefni	7%
	Athugið að 25% af einkunn flestra ritunarverkefni byggist á réttritun, málfari og frágangi (þ.m.t. merkingu verkefna). Þess vegna er mjög mikilvægt að nýta ritbjargir.	

Skipulag náms

Námstilhögun:

Í áfanganum verður stuðst við kennsluumsjónarkerfið „Moodle“ en þar setur kennari öll fyrirmæli og verkefni. Verkefnum er skilað til kennara í gegnum kerfið, nema annað sé tekið fram. Ætlast er til að hver nemandi fari reglulega inn í áfangann og lesi það sem hefur verið sett inn þar. Nemendur lesa fjölbreytta texta og vinna margskonar ritunarverkefni. Auk þess fá nemendur þjálfun í framsögn. Kennari fylgist með framvindu nemenda við vinnu og gefur ýmist munnlega eða skriflega umsögn. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð.

Um skilafres, vanskil og ritstuld:

Nemandi í framhaldsskóla ber ábyrgð á eigin námi. Ákveðinn skiladagur er gefinn upp á öllum verkefnum. Það er því mjög mikilvægt að mæta í allar kannanir/próf og skila öllum verkefnum á réttum tíma.

Ekki er tekið við verkefnum eftir auglýstan skilafrest.

Athugið: Kennari áskilur sér rétt til þess að gefa einkunnina 0 telji hann að verkefni hafi verið unnið af öðrum en nemandanum sjálfum (t.d. gervigreind). Séu nemendur ósáttir við mat kennara geta þeir óskað eftir viðtali.

Um próf:

- Í áfanganum verða nokkrar kannanir þar sem prófað er úr bókmenntahugtökum og kjörbók. **Mæti nemandi ekki í próf fær hann 0 í prófseinkunn.** Sé nemandinn löglega afsakaður vegna veikinda eða annarra ástæðna finnur hann annan prófdag í samráði við kennara.

Vikuskema:

Sjá á moodle-síðu áfangans.

Kennsluvikur - Haustönn 2025	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
Vika 34 17. - 23. ágúst	18. ágúst – Kennsla hefst	
Vika 35 24. - 30. ágúst	Lestur, ritun og tjáning	
Vika 36 31. ágúst – 6. september	Lestur, ritun og tjáning	
Vika 37 7. - 13. september	Lestur, ritun og tjáning	

Vika 38 14. - 20. september	Lestur, ritun og tjáning	
Vika 39 21. - 27. september	Lestur, ritun og tjáning	
Vika 40 28.sept. - 4. október	Lestur, ritun og tjáning	
Vika 41 5. - 11. október	Valtímabil hefst Lestur, ritun og tjáning	
Vika 42 12. - 18. október	17. október – Námsmatsdagur Lestur, ritun og tjáning	
Vika 43 19. – 25. október	20. - 21. október – Haustfrí Lestur, ritun og tjáning	
Vika 44 26. október - 1. nóvember		
Vika 45 2. - 8. nóvember	7. nóvember – Námsmatsdagur Lestur, ritun og tjáning	
Vika 46 9. - 15. nóvember	Lestur, ritun og tjáning	
Vika 47 16. - 22. nóvember	Lestur, ritun og tjáning	
Vika 48 23. - 29. nóvember	Lestur, ritun og tjáning	
Vika 49 30 nóv. - 1. desember	Lestur, ritun og tjáning	
Vika 50 7. - 13. desember	Lokaverkefni 11. desember – Síðasti kennsludagur haustannar 12. desember - Námsmatsdagur	

Vika 51 14. - 20. desember	Námsmatsdagar 18. desember – Einkunnabirting 19. desember – Útskrift	
Vika 52 21. - 27. desember	JÓLAFRÍ	